


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindabjónusta
Siglingatækjábjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Blundar alltaf í mér kvikmyndagerðarmaður Baldur Páll Hólmgeirsson

Ég fékk mína fyrstu eigin tölvu í fermingargjöf. Það var Acorn tölva sem framleidd var í Bretlandi en fyrirtækið er ekki starfandi í þáverandi mynd lengur. En það var alltaf til tölva á heimilinu, eða frá því að ég var um þriggja ára. Þannig að maður var alltaf með þetta í kringum sig.

— sjá bls. 4 – 5



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 25. febrúar 2016 · 8. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Mynd: Davíð Davíðsson



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

BOREA ADVENTURES

Borea Adventures á Ísafirði auglýsir eftir starfsmönnum fyrir árið 2016.

Bæði er um heilsársstörf og sumarstörf að ræða.

Borea Adventures er ferðapjónustufyrirtæki stofnað árið 2006. Helstu áherslur fyrirtækisins eru fjalla-skíðaferðir á vorin, styttri og lengri göngu- og kajakferðir á Hornströndum og í Ísafjarðardjúpi á sumrin og allskonar sérferðir um náttúru Vestfjarða. Borea rekur einnig kaffihúsið Bræðraborg og farþegaþáttinn Bjarnarnes.

Við bjóðum upp á skemmtilegt starfs-umhverfi sem iðar af lífi frá morgni til kvöldis. Laun í samræmi við kjarasamninga, öruggt vinnuumhverfi, ævintýri, gleði og góðan starfsanda.

Við leitum að starfsfólki með menntun, reynslu og þekkingu, sem er tilbúin til að gefa af sér, vinna stundum langa vinnudaga, sem á auðvelt með að vinna með öðrum, er samstarfsfúst, hjálpsamt, hraust og glaðlegt. Síðast en ekki síst, finnst gaman að fara út að leika og elskar Vestfirði.

Ferðaskrifstofa

Við leitum að heilsárs starfsmanni á skrifstofu Borea Adventures. Starfið felst að mestu í samskiptum við aðrar ferðaskrifstofur, setja saman ferðir og gera tilboð. Vera virkur á samfélagsmiðlum fyrirtækisins, greina markaðsgögn og efla samskipti fyrirtækisins út á við.

Við leitum að starfsmanni með þekkingu á markaðsmálum, með þekkingu á Vestfjörðum, með reynslu úr ferðapjónustu eða sambærilegum greinum, góða enskukunnáttu, með ríka þjónustulund, sveigjanlegur, ákveðinn, víðsýnn og traustur.

Skipstjóri á farþegaþáttum Bjarnarnesi

Bjarnarnes er 18 farþega bátur sem siglir með farþega um Hornstrandir og Jökulfirði. Við leitum að skipstjóra frá 15. maí - 1. október 2016, með möguleika á heilsársstarfi ef umsækjandi getur farið í önnur störf innan fyrirtækisins.

Umsækjandi þarf að vera með ríka þjónustulund, ákveðinn, opinn og traustur.

Kaffihús

Við leitum að sumarstarfsmönnum til að vinna á kaffihúsinu Bræðraborg, frá 15.maí-1.október en möguleiki er á að ráða sig í styttri tíma. Um mikla vinnu er að ræða á stuttum tíma. Við leitum að starfsfólki til að sinna afgreiðslu á kaffihúsinu auk þess

sem okkur vantar starfsmenn í eldhúsið. Á kaffihúsinu Bræðraborg er borinn fram léttur hádegismatur, heimagerðar kökur og brauð, auk þess sem allt nesti fyrir ferðir á okkar vegum er framleitt á staðnum frá grunni. Við leggjum metnað okkar í að hafa vörur okkar úr góðu hráefni, hollar og bragðgóðar.

Við leitum að starfsmönnum með ríka þjónustulund, reynslu/þekkingu á því að vinna á kaffihúsi og í eldhúsi, með góða enskukunnáttu sem geta unnið undir miklu álagi og tilbúnir að vinna mikið á stuttum tíma.

Leiðsögumenn

Við leitum að leiðsögumönnum í sumarstörf með fjölbreytta reynslu af útivist og leiðsögn til fjalla og á sjó. Leiðsögumönnum sem hafa góða þekkingu á staðhættum á Hornströndum, með ríka þjónustulund, hraustir, úrræðagóðir, með góða enskukunnáttu og/eða önnur evróputungumál og hafa gaman af því að ferðast og taka á móti gæstum.

Möguleiki á heilsárs ráðningu ef starfsmaður getur gengið í önnur störf innan fyrirtækisins.

Lágmarkskröfur eru að umsækjendur séu með Wilderness First Responder (WFR) réttindi eða sambærileg réttindi í fyrstu hjálpi.

Borea Adventures | Aðalstræti 22b, Ísafjörður | 456 3322 | www.Borea.is | info@borea.is



Kristinn H. Gunnarsson

— Sjónarmið —

Frá valdaklíku til almennings

Aðeins einu sinni hafa kjósendur fengið að kjósa um stjórnarskrána. Það var árið 1944 þegar kosið var um lýðveldisstofnunina. Alþingi samþykkti stjórnarskrána sem stjórnskipunarlag sem voru svo borin undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu. Þá höfðu kjósendur aðeins þann eina kost að samþykkja það sem Alþingi hafði ákveðið eða hafna því. Kjósendur gátu ekki sagt álit sitt á einstökum greinum eða köflum stjórnarskrárinnar.

Síðan hefur Alþingi átta sinn-um gert breytingar á stjórnarskránni og í öll skiptin voru kjósendur sniðgengnir. Það er vegna þess að Alþingi ákvað að enginn gæti breytt stjórnarskránni nema Alþingi sjálf. Frá 1944 eða í 72 ár hafa kjósendur aðeins getað kosið þingmenn til setu á Alþingi. Þeir hafa svo tekið allar ákvarðanir um lög og milliríkjasamninga. Innihald einstakra breytinga á stjórnarskránni hefur því alla tíð verið ákveðið í samningum milli stjórnmálaflokkanna sem hafa átt sæti á Alþingi. Í raun hafa fáeinir forystumenn flokkanna mündlað með stjórnarskrána sín í milli. Kjósendur hefur aldrei verið hleypt að því borði og

hafa aldrei fengið að segja sitt álit beint. Eini atkvæðaseðillinn sem kjósendur hafa fengið í hendur er í Alþingiskosningunum og á þeim seðli eru aðeins nöfn frambjóðenda og ekkert annað.

Alþingi án eftirlits

Eins og fyrirkomulagið hefur verið frá 1944 þá er Alþingi falið löggjafarvaldið og líka stjórnarskrárvaldið. Það er fullkomlega óeðlilegt að sá aðili sem á að setja lögina í landinu, innan þess ramma sem stjórnarskráin setur, skuli líka ráða rammanum. Það verður eðlilega freistandi að breyta leikreglunum fyrst forystumenn stjórnmálaflokkanna geta samið um það sín á milli. Það eru orðin almenn viðhorf nú til dags að aðskilja beri eftirlit og framkvæmd í stað þess að hafa það á sömu hendi. Þessar framfarir hafa ekki enn orðið þegar kemur að pólitíska valdinu. Stjórnmálaflokkarnir hafa samið um stjórnarskrárbreytingar varðandi kjördæmaskipan og skiptingu þingsæta milli þeirra án þess að fá með beinum hætti samþykki kjósenda fyrir breytingunum. Þar hafa menn verið að skipa málum sem varða þá sjálfa. Þetta getur ekki gengið.

Þjóðin sjálf hefur samkvæmt

stjórnarskránni valdið til þess að setja stjórnarskrá fyrir lýðveldið og það á enginn annar að geta gert á henni breytingar. Frá þjóðinni eiga að koma allar ákvarðanir um innihald stjórnarskrárinnar og það er í eðli sínu valdarán að 63 kjórnir fulltrúar á Alþingi taki sér þetta vald. Það sem gerir enn brýnna að brjóta á bak aftur stjórnarskrárvald Alþingis er sú staðreynd að hjá forystumönnum stjórnmálaflokka liggur ekki aðeins þunginn af löggjafarvaldinu og stjórnarskrárvaldinu heldur einnig líka allt framkvæmdavaldið.

Vald spillir

Í höndum örfárra manna hefur um langa hríð verið samankomið mikið vald. Sérstaklega er það í höndum forystumanna þeirra flokka sem oft eru í ríkisstjórn. Það hefur einkennt íslensk stjórnmál að tiltölulega fámennt valdaklíka hefur ráðið mestu um skipan mála í þjóðfélaginu. Af þessum sökum hafa einstök hagsmunaafl fengið miklu ráðið um sín mál vegna stuðnings manna í þessum fámenna hópi pólitískra valdamanna. Má þar nefna LÍÚ, viðskiptabankana og fleiri aðila. Afleiðingin birtist í óréttlátri úthlutun og annarri ráðstöfun verðmæta svo sem nýtingu nátt-

úruauðlinda, einokunarkenndum leikreglum um viðskipti sem færa sérvöldum aðilum mikil verðmæti á lágu verði. Auðsöfnun fárra vegna kvótakerfisins í sjávarútvegi, Borgunar- og Símahneykslið og græðgin í fjármálaheiminum eru einkenni spillingar sem ætíð fylgir mikilli samþjöppun valds til fámennrar valdaklíku. Vald spillir. Það verður fyrir eða síðar að brjóta þetta fyrirkomulag upp og dreifa valdinu.

Stjórnarskrárbreytingin er forsendan

Það starf byrjar með breytingum á stjórnarskránni. Þar er leikreglunum í þjóðfélaginu breytt þannig að þær verði í þágu almennings en ekki útvalinna. Fyrsta skrefið er að taka af Alþingi valdið til þess að breyta stjórnarskránni og sjá til þess að framvegis verði henni aðeins breytt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Alþingi getur áfram tekið fyrir breytingar á stjórnarskránni og samþykkt þær fyrir sitt leyti en svo verður að vera að þær taki aðeins gildi að þær verði samþykktar í almennri atkvæðagreiðslu. Kjósandinn á að geta greitt atkvæði um hverja efnisgrein hverju sinni í stað þess að vera þvingaður til þess að samþykkja allt eða ekkert. Þá þurfa kjósendur að geta sett breytingar á dagskrá að

eigin frumkvæði án tillits til Alþingis og fengið þær lagðar í dóm þjóðarinnar. Loks þurfa reglurnar um samþykki breytingatillagna að vera hlutlausar gagnvart því hver leggur þær til. Í því felst að óeðlilegt er að setja þröskulda sem eru fyrirfram vilhallir vilja Alþingis. Þegar fram líða stundir þyrftu reglur um breytingar á stjórnarskránni að þróast þannig að Alþingi kæmi þar ekki að, enda fer það ekki vel saman að sá aðili sem á að starfa samkvæmt tilteknum reglum geti haft áhrif á það hverjar þær reglur eru.

Önnur breyting sem þarf að verða er að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald. Það felur í sér að ráðherrar verði ekki samtímis alþingismenn. Það dettur engum í hug að forystumaður stjórnmálaflokks sitji samtímis sem ráðherra og dómari vegna þess að dómavald og framkvæmdavald má ekki blanda saman. Sama gildir um framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið, þótt viðgengist hafi að það væri á sömu hendi. Nú er í vændum loksins upphaf vegferðar til þess að greiða úr helstu orsökum spillingar á Íslandi með fyrirhuguðum breytingum á stjórnarskránni. Það er mikilvægt að vel til takist.



100 ÁRA

Tónleikar og hátíðardagskrá 12. mars

Í tilefni af aldarafmæli Alþýðusambands Íslands bjóðum við Íslendingum til tónleikaveislu á fjórum stöðum á landinu á afmælisdaginn, laugardaginn 12. mars:

Ísafjörður: Tónleikar í Edinborgarhúsi kl. 20.00

MUGISON LÁRA RÚNARS

Aðgangur **ókeypis** - tryggðu þér miða á **tix.is**

Blundar alltaf í mér kvikmynda-gerðarmaður

Baldur Páll Hólmgeirsson

Baldur Páll Hólmgeirsson er fluttur aftur heim til æskustöðvanna á Ísafirði eftir nokkurra ára búsetu í höfuðborginni. Þar starfaði hann hjá nokkrum upplýsingatækni-fyrirtækjum en hann hefur einnig getið sér gott orð sem kvikmyndagerðarmaður og áhugaljósmyndari. Hann hefur til að mynda komið að gerð fjölda stuttmynda ásamt félögum sínum í vestfirsku kvikmyndafélaginu Glámu.

Blaðamaður Bæjarins besta settist niður með Baldri á dögum og greinir um kvikmyndaáhugann, ljósmyndunina og starfið í tölvugeiranum.

Baldur Páll starfar hjá upplýsingatækni-fyrirtækinu Opex ehf., eins og hann hefur gert undanfarin ár. Þar áður starfaði hann hjá öðrum fyrirtækjum svo sem Premis og Völku og tók sín fyrstu skref í bransanum hjá ísfirsku tölvufyrirtækinu Snerpu. Aðspurður út í menntun sína segist

hann alfarið vera sjálfmenntaður.

„Allt frá því að ég var krakki hef ég haft áhuga á tölvum og sá alltaf fyrir mér að vinna við eitthvað sem tengdist þeim. Ég vissi bara ekki hvernig ég ætlaði að fara að því. Svo rakst ég einn daginn á auglýsingu þar sem óskað var eftir PHP-forritara í Snerpu. Ég vissi reyndar ekkert hvað PHP var en með hjálp Google tókst mér að læra um málið. Tveimur árum seinna var ég kominn með fast starf hjá þeim. Það var fyrsta fastráðningin mín hjá tölvufyrirtæki og ég hef unnið í þessum bransa síðan hjá hinum og þessum fyrirtækjum.“

Síðar var hann lokkaður til að vinna hjá fyrirtæki fyrir sunnan en bjó þó áfram á Ísafirði.

„Ég ferðaðist fyrst á milli á tveggja vikna fresti, viku í senn þar sem ég deildi forræði með barnsmóður minn og elsti strákurinn minn bjó heima hjá mér helming tímans. Svo fluttu þau til Ólafsvíkur og þá var mun

auðveldara að heimsækja Emil að sunnan svo ég fluttist alfarið til Reykjavíkur.

Ég starfa hjá Opex ehf núna en er fluttur aftur heim. Ég er svo heppinn að geta unnið allt hédan. Ástæðan fyrir því að flytja suður var nú líka mikið til komin vegna þess að konan mín var í háskólanámi í íslensku. En þegar hún var búin með námið fékk hún þá hugmynd að flytja vestur. Það var því ekki mín hugmynd að koma heim aftur,“ segir Baldur Páll glottandi. „Ég lagði það fyrir strákana í Opex hvort ég mætti ekki vinna að vestan og þeir tóku bara vel í það. Svo hingað er ég kominn með alla fjölskylduna. Ég er að vinna í því að koma mér fyrir á skrifstofu í gömlu skóbúðinni á Ísafirði þar sem Haukur Sigurðsson (Fjólubláa Húfan) er meðal annars til húsa. Þetta verður svona einskonar lítið útibú frá Opex.“

Aðspurður segist hann ekki vita almennilega hvaðan tölvuá-huginn komi, hann hafi einhvern

veginn alltaf verið til staðar.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tölvum en ég byrjaði ekkert að forrita fyrir en upp úr tvítugu. Ég myndi segja að ég sé heppinn að hafa valið mér þetta forritunarmál til að starfa með. Forrit í dag eru að færast í aukana yfir á vefinn. Það er því mikill kostur að hafa góða þekkingu þar og alltaf nóg fyrir mig að gera.“

Ég fékk mína fyrstu eigin tölvu í fermingargjöf. Það var Acorn tölva sem framleidd var í Bretlandi en fyrirtækið er ekki starfandi í þáverandi mynd lengur. En það var alltaf til tölvu á heimilinu, eða frá því að ég var um þriggja ára. Þannig að maður var alltaf með þetta í kringum sig.“

Lokkaði konuna vestur með vefsíðugerð

Fjölskylda Baldurs Páls er orðin ansi blómleg en hann eignaðist nýlega sitt fjórða barn. Börnin eru þau Eygló Inga, Guðmundur Emil, Nína og Darri Leó. Baldur Páll er kvæntur Robertu Šoparaité en segja má að tölvukunnátta hans hafi átt hlut í máli við að leiða þau saman.

„Roberta er frá Litháen og kom til Vestfjarða til að sækja nám við Háskólasetrið í haf- og strandsvæðastjórnun. Ein ástæðan fyrir því að hún valdi námið er að hennar sögn að henni leist svo vel á vefsíðuna en svo vill til að ég kom svolítið að gerð hennar.“

Foreldrar Baldurs Páls eru Eygló Jónsdóttir og Hólmgeir Baldursson og því óhætt að segja að hann sé með tónlistina í blóðinu. Hann segist augljóslega hafa lítið upp til foreldra sinna í æsku og spilar á trommur eins og pabbi sinn. Eygló var í einni fyrstu kvennahljósveit Íslands, Sökkabandinu, og man Baldur Páll enn eftir að hafa fundist mikið til þess k oma að mamma hans væri í hljómsveit.

„Ég man óljóst eftir mér á æfingum með mömmu og vin-konum hennar í Sökkabandinu. Þá ætlaði ég að verða gítarleikari eins og mamma. Ég átti meira að segja lítinn kassagítar en ég man aldrei eftir að hafa getað spilað neitt á hann að ráði.“

Ég hafði mikinn áhuga á trommum upp úr táningsaldri og var nú eitthvað í hljómsveitar-

brólti hér á árum áður. Spilaði meðal annars með Rússfeldi á músíktílaunum og BMX á sveitaböllum. Ég hef reyndar enn mikinn áhuga á trommuleik og tónlistarsköpun, þó svo að ég hafi aldrei náð að skara neitt fram úr á því sviði, en vegna tímaleysis ákvað ég að leggja tónlistina nánast á hilluna.“

Fór óvart út í kvikmyndagerð

En hvernig kom það til að Baldur Páll fór út í kvikmyndagerð?

„Það var eiginlega alveg óvart. Ég hafði lengi verið að fíkta við ljósmyndun og grunar að það hafi kannski haft eitthvað með það að gera að fólk datt ég í hug í sambandi við kvikmyndaverkefni. Ég man ekki alveg hvernig það kom til en mig minnir að það hafi verið Elfar Logi Hannesson sem kom til mín og sagðist vera með hugmynd að hryllingsstuttmynd á Núpi við Dýrafjörð ásamt Fjölni Baldurssyni. Í hópin bætust við Marsibil Kristjánssdóttir, Eyþór Jónsson og síðar Ársæll Níels-son og úr þessari hugmynd varð svo stuttmyndin Gláma til. Það var reyndar smá skellur í byrjun þegar Fjölnir þurfti að bakka út vegna anna, en hann var einmitt aðilinn sem átti allar græjur sem við þurftum til að ráðast í verkið. Við ákváðum samt að kýla á þetta og ég fékk lánaða myndavél og plataði Önnu Páls til að sjá um hljóðupptökur. Á meðan við brunuðum yfir í Dýrafjörð gúgglaði ég með símanum hvernig ætti að stilla myndavélina fyrir kvikmyndagerð. Við fengum síðan reyndan klippara til að klippa saman myndina en ég varð aldrei nægilega sáttur við útkomuna. Ég endaði því á að klippa myndina sjálfur, þrátt fyrir að hafa aldrei gert það áður. Fyrir misskilning láðist að segja atvinnuklipparanum frá þessu og hann komst ekki að því fyrir en á sjálfri frumsýningunni. Mér fannst það auðvitað mjög leiðinlegt og hann skiljanlega var ekkert voðalega sáttur. En þetta varð á endanum allt saman gott og mikið lærdómsferli fyrir mig.“

Með Robert De Niro á kvikmyndahátíð

Eftir velgengni Glámu ákváðu





félagarnir að sækja um styrk til að gera þrileik kvikmynda sem allir gerðust á vestfirskum hótélum sem áður voru heimavistaskólar. Út frá því stofnuðu þeir Kvikmyndafélagið Glámu.

„Við fengum styrkinn og fórum í næstu mynd sem heitir Kuml og gerist í Breiðuvík. Nú er verið að vinna þriðju og síðustu myndina en tókur kláruðust fyrir tæplega einu og hálfu ári. Eftirvinnslan hefur bara verið mjög tímafrek. Hún heitir Salt og var tekin í Reykjanesi.“

Gláma fór fljótlega að færa út kvíarnar samhlíða vinnslu að þrileiknum.

„Á leiðinni í Kuml-tökurnar datt Elfari Loga í hug að gera sannsögulega stuttmynd um kajakræðara sem hafði komist í hann krappan í Arnarfirði. Ráðist var í það verkefni strax um sumarið og útkoman var Sker sem hlaut mjög góðar viðtökur.“

Óhætt er að segja að þar tuki Baldur Páll vægt til orða en myndin hlaut afar góða dóma og var boðin þátttaka í mörgum kvikmyndahátíðum og þar á meðal tveimur virtum kvikmyndahátíðum í Bandaríkjunum, Tribeca Film Festival og Aspen Shortfest. Til að glöggva lesendur á stærð þessara hátíða

þá sækir um hálf milljón manna Tribeca- hátíðina á hverju ári og meðal leikara í þeim myndum sem sýndar voru sama ár og Sker voru nöfn á borð við Danny DeVito og Steve Buscemi.

„Við vorum mjög ánægðir með viðtökurnar en bjuggumst eiginlega ekki við því. Okkur fannst þetta lítil og sæt mynd og prófuðum bara að senda hana á nokkrar hátíðir. Svo var það í barnaafmæli hjá syni mínum að ég fékk símtal um að Sker hefði verið valin til að taka þátt í Tribeca kvikmyndahátíðinni í New York. Það var fullt af þúkum í kringum mig og ég heyrði illa í manninum. Ég sagði honum því að ég væri í barnaafmæli og bað hann um að hringja aftur seinna. Ég hafði reyndar ekki hugmynd um hvaða hátíð þetta væri. Það var ekki fyrr en einhverjum fimm tímum seinna og ég kominn heim frá Ólafsvík að ég fór að kynna mér það og sá hve vel virt þessi hátíð er. Robert De Niro er til að mynda einn af stofnendum hennar.“

Eyþór og Baldur Páll fóru út fyrir hönd Glámu. Leikur blaðamanni forvitni á hvort þeir hafi náð tali af stórstjörnunni Robert De Niro á Tribeca hátíðinni.

„Nei maður stóð þarna rétt hjá honum og glápti bara,“ segir Baldur Páll glottandi. „Maður komst nú heldur ekkert að, allir voru að reyna tala við hann. Við hittum Chris Kattan og annan frægan leikara sem alltaf leikur illmenni en ég get ómögulega munað hvað hann heitir. Myndin var sýnd nokkrum sinnum og var bara vel tekið. Þetta var verulegt ævintýri.“



Styrkir

Hefur þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar ÍSAT2008. Sjá nánar á vef Hagstofu Íslands.
- flytja þurfa framleiðsluvöru sína meira en 245 km frá framleiðslustað á innanlandsmarkað.

Opnað verður fyrir umsóknir 1. mars og er umsóknafrestur til og með 31. mars.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Byggðastofnunar og í síma 455-5400.



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is
Fax 455 54 99 byggdastofnun.is

Heimildamynd eftir Baldur Pál sýnd á RÚV

–Kveikti velgengni Skers engan neista til að fara meira út í kvikmyndagerð?

„Jú, ég væri til dæmis alveg til í að prófa að gera kvikmynd í fullri lengd. Skrifa handritið sjálfur, leikstýra og hafa puttana í öllu. En það er kannski of mikið. Hins vegar vaknaði hjá mér mikill áhugi á heimildamyndagerð á þessu brótti mínu með Glámu. Elfar Logi spurði hvort ég væri til í að gera heimildamynd um Act alone. Ég sló til og bjóst við að gera kannski um 15 mínútna langa mynd. En niðurstaðan var 52 mínútur og RÚV er búin að fjárfesta í sýningarrétt og sýnir hana væntanlega núna í vor.“

Svo er ég oft að vinna að einhverjum smá hliðarverkefnum. Núna hef ég verið að litaleiðrétta nokkur myndbrot fyrir Hauk hjá Fjólubláu Húfunni og svo heimildarmyndina „Á sama báti“ fyrir Höllu Míu. Ég hef mjög gaman af því að laga myndefni til og gera það fallett. Eftirvinnslan finnst mér að mestu leyti mjög skemmtileg.“

–Nýttist tölvukunnáttan þér við kvikmyndavinnsluna?

„Ekki eins mikið og maður myndi halda. Það hjálpar auðvitað til að kunna á forritin en eftirvinnsla snýst mun meira um listræna sýn heldur en þekkingu á tölum og græjum. Það er því mikið meira í það spunnid en fólk gerir sér grein fyrir. Alveg eins og ljósmyndun snýst um meira en að ýta bara á takka.“

Baldur Páll segir vel koma til greina að taka að sér fleiri

verkefni í kvikmyndaheiminum.

„Það blundar alltaf í mér einhver kvikmyndagerðarmaður. En ég er í smá pásu núna. Þetta er búin að vera ansi mikil vinna undanfarið en samt virkilega skemmtilegt. Enda hef ég mikið verið að sjá um megnið af tækni-hliðinni sjálfur. Mig langar að kunna að gera þetta allt sjálfur og tel að það geri mann að sterkari kvikmyndagerðamanni. Á endanum, þegar í stærri verkefni er farið, er líklega betra upp á geðheilsuna að dreifa hlutverkunum niður á fleiri aðila ef hægt er.“

Baldur Páll er einnig þekktur áhugaljósmyndari undir nafninu Baldur Pan.

„Ég hef alltaf haft áhuga á ljósmyndun þó ég gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en seinna. Ég man eftir að hafa fengið gamla filmuvél hjá mömmu og pabba. Þá var ég svolítið að velta fyrir mér hvernig ég ætti að ramma hlutina inn, ekki ólíkt því sem ég geri nú í dag. Það var samt ekki fyrr en ég var að vinna í Snerpu með Agústi Atlasyni, sem var mikill áhugamaður um ljósmyndun og nú atvinnuljósmyndari. Er hann keypti sér nýja vél keypti ég hans gömlu. Þá kviknaði áhuginn fyrir alvöru. Ég er mest að gera þetta fyrir sjálfan mig þessa dagana. Ég er enn að mynda mjög mikið og líklega aldrei átt eins flotta og góða myndavél en þetta eru nánast allt persónulegar myndir úr mínu litríka heimilislífi. Svo ég er ekki mjög sýnilegur í þessu lengur. En það er aldrei að vita nema maður haldi sýningu einhvern daginn.“

–Thelma Hjaltadóttir



Sportið í beinni...

fimmtudagur 25. febrúar

17:55 Liverpool - Augsburg (OPIN DAGSKRÁ)

19:00 Njarðvík - Stjarnan

19:00 Golf - PGA Tour

19:00 Slaktaumatölt

20:00 Tottenham - Fiorentina

20:00 Porto - B. Dortmund

(Opin dagskrá)

20:00 Man Utd - Midtjylland

föstudagur 26. febrúar

19:00 Golf - PGA Tour

19:00 Keflavík - Tindastóll

19:40 Hull City - Sheff Wed

22:00 Dominos körfuboltakv

01:00 Atl Hawks - Chicago B

laugardagur 27. febrúar

12:35 W Ham Utd - Sunderl

14:30 Wolfsburg - B Munchen

14:50 Southampton - Chelsea

14:50 Watford - Bournemouth

14:50 Leicester C - Norwich C

14:50 Stoke City - Aston Villa

15:55 R Madrid - Atl Madrid

16:10 Flensburg - Weszprém

16:55 Empoli - Roma

17:20 WBA - Crystal Palace

18:00 Golf - PGA Tour

03:00 UFC: Silva vs. Bisping

sunnudagur 28. febrúar

13:50 Man Utd - Arsenal

13:50 Tott Hotsp - Swansea C

13:55 Udinese - Verona

15:45 League Cup - Úrslital

16:30 Bor Dortm - Hoffenheim

18:00 Golf - PGA Tour

18:10 RN Löwen - Kolding

19:25 Barcelona - Sevilla

19:40 Juventus - Inter Milan

mánudagur 29. febrúar

19:10 Stjarnan - Haukar

19:55 Fiorentina - Napoli

21:00 Messan

þriðjudagur 1. mars

19:35 Sunderland - Cr Palace

19:35 Leicester City - WBA

19:35 Norwich City - Chelsea

19:35 Aston Villa - Everton

19:35 Bournem - Southampt

miðvikudagur 2. mars

19:10 Dominosdeild kvenna

19:35 Arsenal - Swansea City

19:35 W Ham Utd - Tottent H

19:35 Stoke City - Newc Utd

19:50 Man Utd - Watford

19:50 Liverpool - Man City

19:55 Levante - Real Madrid

Krossgátan

Table with sports events and betting odds. Columns include event names like ÁKAFUR, VEGA, HYLLI, FERÐALAG, JURT, FLOTT, DANA, SNÆDDI, VITUR, KRAFTUR, ÓSKUÐU, POT, DJÆF, NÆÐI. Rows include betting categories like RITLINGUR, VANDRÆÐI, SKYLDI, ÁTT, ANDMÆLI, OFAN, FLYK, LYF, HELMINGA-FÉLAG, RÓI, DRYKKUR, MEIÐA, STÍÐUR, ERGJA, ÁSTAR-GÆLUR, DURTUR, ÓKYRRÐ, TALA, SEFUN, SÓSA, MÆLI-EINING, ERLendis, FRAM-KOMA, KLIDUR, SAMTÖK, BYLGJAST, FÖST STÆRÐ, and TRÉ.

Helgarveðrið

Á föstudag: Austlæg átt og víða dálítil él.

Áfram kalt í veðri.

Á laugardag:

Útlit fyrir hægán vind og

bjart veður, en stöku él við

ströndina. Hiti breytist lítið.

Á sunnudag:

Vaxandi suðaustanátt og fer

að snjó á S- og V-landi, en

þurrt á NA-verðu landinu.

Minnkandi frost.

BÍLAVERIÐ ehf. Hjólbarðapjónusta Smurpjónusta Smáviðgerðir Sindragötu 14 • 400 Ísafirði Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf. Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is HEKLUSALURINN Nýir bílar og notaðir Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

		STARF	UPPNAM	GÓL		ESPA	ÁTT	STADAL- GILDI
	LITUR	S	Æ	G	R	Æ	N	N
	RJÚKA	Ó	S	A	SÍÐAN HNUPLA	S	V	O
	DÝRKA	T	I	G	N	A	TVEIR EINS	R
	LYKTA FUGL	A	N	G	A	Í RÖB NÚMER TÖNVERKS	L	M
	↓	LÁGFIDLA SARG Á FÆTI	UR	G	SKAUT YNDIS	P	Ó	L
BUGÐA	S	V	I	G	NEÐAN SJÁDU	U	P	P
SÍKI	K	Í	L	L	SNÁFA HJARTA- AFALL	S	N	A
HOL- SKRÚFA	R	Ó	Í	L	ILÁTA TUSKA	A	S	K
TÍMABIL	Ö	L	D	L	TOLLA RUSL	L	O	Ð
FRJÁLSA	L	A	U	S	ÓREGLA FISKA	S	U	K
	T	BRENNA UPPHEFÐ	L	O	G	A	YANGI UPP- HRÖPUN	K
HÆRRA	O	F	A	R	PUS KYK. NAFN	F	J	A
TVEIR EINS	R	R	P	E	L	I	A	N
BLAÐUR	M	A	S	R	A	B	B	E
UTANMÁL	U	M	Á	L	BEIDNIR	B	Æ	N
SKISSA	R	I	S	S	A	LAND	Í	R

Sudoku þrautir

2	8	5				9	4	1	3
	6	1					2		
	3		1			2	6		7
								5	2
	5	2	4	6					9
8	9			1				4	
	7	8	3					6	
3						7	5	2	
9		4			8	6	7	3	

2	3	7				5	6	1	
	4								
						4		8	
8		1	2			7	4		9
4						9			
				3			5		
								9	
3						1		4	8
	6			7					

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Ísafjörður - 8. mars



Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð í eyra eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfeimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is



Útgefandi:

Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740

Afgreiðsla og ritstjórn:

Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560

Ritstjóri BB og bb.is:

Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is

Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.

Bládamaður:

Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is

Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is

Prentvinnsla: Litróf ehf.

Upplag: 2.200 eintök

Dreifing:

Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum

Stafræn útgáfa:

www.bb.is / facebook.com/pages/bbis

Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði

ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfund bb@bb.is.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

OG

JARÐAR



Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Þrjú leikrit,
eitt kvöld,
einn leikari



Félagshúsið Bolungarvík
Föstudaginn 4. mars kl. 20.00
Miðaverð: 3.900,-
Miðasölusími: 690 2303



Komedíuleikhusið sýnir þrjú einleiki sama kvöldið og er sami leikari í þeim öllum. Verkin þrjú sem sýnd verða eru verðlaunaleikurinn Gísli Súrsson, hinn ómótstæðilegi Grettir og loks sjálfur Fjalla-Eyvindur.

Spurning vikunnar

Ertu í vanskilum?

Alls svöruðu 456.

Já, sögðu 52 eða 11%

Nei, sögðu 404 eða 89%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda





Nýtt

Mmmmm

Bragðgóð grísk jógúrt að vestan



Karamella og perur



Súkkulaði og ferskjur



Vanilla og kókos

